



MYND3SS05

Kennsluáætlun – haustönn 2016

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnast nemendur fagurfræðilegum kenningum í myndlist. Kannað er innihald, boðskapur og tilgangur myndlistarverka, myndgerðir og hvernig myndmálið og hlutverk listamannsins breytist eftir tíðarandanum með því að fara vítt og breytt um listasöguna.

Í framhaldi af því gera nemendur tilraunir með þessi hugtök í eigin verkum og vinna með mismunandi aðferðum í samráði við kennara. Myndbygging, efni og aðferð gefa svo verkunum frekari áherslur.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- mismunandi hlutverki listaverka.
- mismunandi myndgerðum
- mismunandi fagurfræðilegum kenningum í myndlist.
- mismunandi boðskap, innihaldi og tilgangi myndlistarverka
- þeim möguleikum sem mismunandi aðferðir bjóða upp á.
- áhrifum myndbyggingar og lita.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina hvort myndir hafi ákveðið hlutverk.
- greina myndir út frá ákveðnum myndgerðum.
- greina mismunandi fagurfræðilegar kenningar.
- að nýta sér nokkrar ólíkar aðferðir og efni til myndsköpunar.
- að nýta sér mismunandi myndbyggingu og liti til að ná fram ákveðnum áhrifum.
- að færa rök fyrir myndverki sínu og lýsa með orðum innihaldi, tilgangi og boðskap sem þar má finna.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- vinna eigin myndir út frá ákveðnu hlutverki.
- vinna eigin mynd út frá mismunandi fagurfræðilegum kenningum.
- Vinna hugmyndir sínar áfram í mismunandi myndgerðum.
- geta notað ólík efni og aðferðir við myndsköpun.
- ná fram mismunandi áhrifum með myndbyggingu og litum
- færa í orð og nota haldbær rök þegar myndlist er rædd.

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi skissur og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allt.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr gengur það upp í ýmiskonar liti og pappír og skal borga það á skrifstofu sem allra fyrst.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni

- Mappa 10% ágúst
- Skissur unnar út frá eftirtöldum kenningum í fagurfræði; objektívu kenningunni, expressívu kenningunni, pragmatísku kenningunni og mímetísku kenningunni. Einnig unnar skissur út frá allegóríu, hugsæjum og raunsæjum myndgerðum. 25% september-október
- Stærri verk unnin út frá þessum sömu kenningum og myndgerðum, með aðferðum í samráði við kennara . 35% október-nóvember
- Lokaverkefni gerð út frá völdum hugtökum eða myndgerðum og/eða út frá eigin fagurfræðilegu hugmyndum um gildi listar. Aðferðir og efnistöð í samráði við kennara. 30% nóvember-desember

Annað

Tölvur og símar leyfir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.